

Nd.

495. Tillaga

til þingsályktunar um lán til að bæta úr afleiðingum harðæris.

Frá Birni Kristjánssyni, Sigurði Gunnarssyni, Hirti Snorrasyni og Sig. Sigurðssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, ef hún sjer fært, að varið sje alt að 50 þúsund krónum af láni því, sem henni er heimilað að taka með lögum 1. ágúst 1914 til þess, eftir óskum einstakra hreppa eða sýslufjelaga, eða með öðru handbæru fje, að bæta með hagfeldum lánveitingum úr tilfinnanlegasta tjóninu, sem hlutaðeigandi hreppar eða sýslufjelög hafa orðið fyrir á síðastliðnu vori.